
Spáum 0,2% verðbólgu í nóvember

Greiningardeild spáir 0,2% verðbólgu í nóvember. Gangi spáin eftir kemur ársverðbólga til með að mælast 3,5% og lækkar úr 3,6% milli mánaða. Við gerum ráð fyrir því húsnæðiskostnaður og flugfargjöld verki til hækkunar að þessu sinni (en flugliðurinn hefur lækkað fjóra mánuði samfleytt), auk þess sem við gerum ráð fyrir þeim möguleika að einhver fyrirtæki séu hafin að brynja sig fyrir áhrifum kjarasamninga – þótt áhrifin séu tiltölulega lítil í spá okkar. Árstíðabundin áhrif og gengisáhrif eru svo til engin, enda gengisvísitala krónunnar haldið sig um eða undir 220 stigum undanfarna mánuði.

Þótt leitni krónunnar hafi frekar verið í styrkingarátt á árinu, hefur gengið þó veikst lítillega frá sumarlokum, en áhrif þess á verðbólgu munu koma til með að velta verulega á því trausti sem fyrirtæki hafa á loforði Seðlabankans um að draga úr gengissveiflum. Krónan hefur frá vaxtaákvörðunarfundi í maí haldist nokkuð stöðug á þröngu bili, milli 210 til 220. Fyrirtækjum mun sennilega liggja minna á að elta stundarsveiflur í genginu ef þau telja sig geta treyst því að krónan haldist nærri einhverju stöðugu meðalgildi til langframa. Langt hlé á inngripum bankans er hinsvegar ekki endilega til þess fallið að veita gengisvæntingum kjölfestu, en hann hefur ekki gripið inn í til að styðja við krónuna síðan í septemberlok. Það er hinsvegar að ýmsu leyti skiljanlegt, enda óvissa um gengisþróun mikil vegna rýrnandi viðskiptakjara, greiðslu erlendra lána og annarra þátta sem óheppilegt væri að veðja gjaldeyrisforðanum á móti.



Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar Greiningardeildar

Bráðabirgðaspá: Áframhaldandi verðbólguhjöðnun… í bili


Að öllu töldu sjáum við ekki fram á hröðun verðbólgu á næstu mánuðum, heldur spáum við því að hún gangi niður með smávegis sveiflum. Lítill verðbólguþrýstingur er erlendis frá, en verð á bensíni hefur lækkað og framvirkt verð á mörgum hrávörum er niðurhallandi. Ef fram fer sem horfir gæti verðbólga verið komin niður við 3% í febrúar á næsta ári. Matið er þó háð verulegri óvissu, sem öðru fremur er bundin við innlenda efnahagsþróun; kjarasamninga og gengi krónunnar. Hætt er við að launagreiðendur fari nú í auknum mæli að gera ráð fyrir kostnaðarhækkunum í framhaldi af kjarasamningum og reynum við að taka tillit til þeirrar óvissu eins og kostur er. Þá gerum við áfram ráð fyrir að húsnæðisverð muni verka til hækkunar vísitölu neysluverðs.

Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði, óbreyttu gengi krónunnar og að húsnæðisliður hafi áhrif til hækkunar um 0,05% í hverjum mánuði.

Desember: +0,3%. Árstíðabundnar hækkanir, hækkun húsnæðiskostnaðar, lítilsháttar hækkunaráhrif vegna kjarasamninga.

Janúar: 0,0%. Gerum ráð fyrir -0,6% útsöluáhrifum, sem vegast á við +0,4% áhrif vegna krónutöluhækkana í fjárlagafrumvarpi og annarra gjaldskrárhækkana. Það eru lítið eitt minni áhrif en í fyrra, m.a. vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um að halda aftur af hækkunum ýmissa þjónustugjalda. Lítilsháttar hækkunaráhrif vegna kjarasamninga, húsnæðis og annarra þátta.

Febrúar: +1,2%. Útsöluáhrif ganga til baka til hálfs. Gerum ráð fyrir meiri hækkunaráhrifum vegna kjarasamninga mánuðina á undan, en samningsbundnar launahækkanir hafa undanfarin tvö ár komið fram í febrúar. Það kæmi okkur ekki á óvart ef sú yrði aftur raunin að loknum samningum í nóvember. Áframhaldandi hækkunaráhrif vegna húsnæðis og annarra þátta.



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Greiningardeild Arion banka

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is
444-6981

Erna Sverrisdóttir
ema.sverrisdottir@arionbanki.is
444-6991

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is
444-6993

Stefán Broddi Guðjónsson, ábm.
stefan.gudjonsson@arionbanki.is
444-6959

Hér má finna fyrirvara